

Miðvikudaginn 13. maí 1981.

Nr. 113/1981. Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3 .tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. þ. m., sem barst Hæstarétti 8. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. maí 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 5. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um kl. 1830 í gær tóku lögreglumenn úr Reykjavík við Kristjáni Aðalsteinssyni, fæddum 4. nóvember 1957, er hann kom til Keflavíkurflugvallar flugleiðis frá Kaupmannahöfn í fylgd tveggja danskra lögreglumanna. Nefndur Kristján var þann 30. apríl sl. dæmdur í 6 mánaða fangelsi í Kaupmannahöfn fyrir fíkniefnasmygl, en gögn varðandi nefndan dóm hafa ekki enn borist þessu embætti. Lögreglumenn þeir danskir, er fylgdu

nefndum Kristjáni hingað til lands, kváðu nefnd gögn á leið hingað til lands í pósti. Á Kristján að afplána nefndan dóm hér-
lendis.

Aðdragandi málsins er sá, að þann 25. febrúar sl. var hér í dómi upp kveðinn rökstuddur úrskurður um tafarlausa handtöku Kristjáns Aðalsteinssonar, sem þá var talinn dvelja í Kaupmannahöfn, nánar að Gangstedsvej 14. Í framhaldi þar af krafðist dómsmálaráðuneyti Íslands þess við dönsk dómsyfirvöld, að Kristján yrði framseldur íslenskum yfirvöldum vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Lengi vel báru eftirgrennsanir danskra lögregluyfirvalda engan árangur, og var ekkert vitað um dvalarstað nefnds Kristjáns.

Þann 17. mars sl. höfðu starfsmenn Interpol í Haag í Hollandi símasamband við fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík og óskuðu eftir upplýsingum um tvo íslenska aðilja, er þá væru í Amsterdam og reynt hefðu að skipta sænskum kr. 65.000 í hollensk gyllini, en þeir væru: Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, Búlandi 25, Reykjavík, og Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958, Æsufelli 4, Reykjavík. Af hálfu sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum voru upplýsingar um fíkniefnaafskipti þessara tveggja aðilja samdægurs send með fjarritaorðsendingu Interpol í Haag, en viðkomandi lögregluyfirvöldum í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Oslo jafnframt gert viðvart. Interpol Haag staðfesti með fjarritaorðsendingu 18. mars 1981, að þessir aðiljar hefðu þá um morguninn skipt nefndum sænskum krónum í hollensk gyllini.

Nefndur Kristján Aðalsteinsson var þann 19. mars sl. handtekinn á flugvellinum í Kaupmannahöfn með liðlega 282.6 gr af amfetamíni innan klæða. Var Kristján úrskurðaður í gæsluvarðhald og síðar dæmdur 30. apríl sl., eins og að ofan er rakið, og að því búnu framseldur íslenskum yfirvöldum og fluttur hingað til lands í gær.

Verður nú vikið að sökum þeim, er nefndur Kristján var borinn í rannsókn þeirri, er hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík um miðjan janúar sl. Fjölmargir aðiljar voru við málið riðnir, og sættu 5 aðiljar gæsluvarðhaldi í lengri eða skemmri tíma vegna rannsóknar málsins.

Einn þeirra er sættu gæsluvarðhaldi var Bjarni Harðarson, en hann sætti gæsluvarðhaldi frá 17. jan. til 20. febrúar sl. Bjarni staðfesti hér í dómi að hafa í júlí sl. haldið til Hollands í bíla-leigubifreið frá Kaupmannahöfn ásamt þremur nafngreindum fé-

lögum sínum til hasskaupa. Kvað hann þá vera Kristján Aðalsteinsson, fæddan 4. nóvember 1957, Pétur Blöndal Gíslason, fæddan 23. september 1958, og Runólf Þór Jónsson, fæddan 13. apríl 1956.

Nefndur Bjarni Harðarson kvaðst hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar 26. júní sl. og þar dvalið í um viku tíma hjá Pétri Blöndal og Kristjáni Aðalsteinssyni að Gangstedvej 14. Þar hafi raunar einnig búið danskur piltur, Sören Munk Hansen að nafni. Bjarni kvaðst ásamt þeim Kristjáni, Pétri og Runólfi hafa haldið til Rotterdam í byrjun júlí og þar hafi þeir lagt sameiginlega fram fé til kaupa á samtals 3 kg af hassi. Hassið hafi þeir síðar flutt til Kaupmannahafnar á nefnt heimili Kristjáns og Péturs Blöndals að Gangstedvej 14.

Nefndur Bjarni kvaðst hafa lagt fram fé til kaupa á sem svaraði 350 gr af hassinu, en kaupverð verið 4 hollensk gyllini pr. gr, en ekki kvaðst Bjarni geta sagt til um eignarhlutföll hinna í efninu, utan hvað þeir hafi allir átt í því. Bjarni kvað efninu hafa verið skipt þannig, eftir að það var komið heim til Péturs og Kristjáns, að um 1 kg, sem taldist hlutur hans og Péturs Blöndal, hafi verið vegið frá og fyrrgreindur sambýlismaður þeirra Péturs og Kristjáns, Sören Munk Hansen, tekið að sér flutning þess hingað til lands gegn greiðslu danskra kr. 12.000.

Þá kvaðst Bjarni hafa fengið danskar kr. 1.300 afhentar í Kaupmannahöfn frá Pétri í viðurvist Runólfs Þórs og Kristjáns, sem hafi talist áhættuþóknun vegna efnis, er flutt var í nefndri ferð, þar sem bílaleigubifreiðin hafi verið skráð á sitt nafn.

Þá kvaðst nefndur Bjarni ekki vita um afdrif þeirra tveggja kílóa af hassi í eigu Péturs, Kristjáns og Runólfs, er eftir voru, er áðurgreindri skiptingu efna lauk, en er hann hafði haldið heim til Íslands eftir vikudvöl í Kaupmannahöfn, þá hafi Pétur, Runólfur og Kristján orðið þar eftir.

Nefndur Runólfur Þór Jónsson sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 7. febr. til 5. mars sl. og lýsti þá hér í dómi för sinni ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Bjarna Harðarsyni til Rotterdam í byrjun júlí sl., en þar hafi þeir lagt sameiginlega fram fé til hasskaupa. Hafi hann sjálfur lagt fram fé, er síðar hafi verið metið til 50 gr af hassi. Ekki kvaðst hann geta fullyrt um framlag hinna hvers fyrir sig, en Pétur fyrir þá annast kaup á a. m. k. 2½ kg af hassi, er þeir hafi síðan flutt í nefndri bílaleigubifreið, nánar falið í hurðum, til Kaupmannahafnar og þar að Gangstedvej 14, þar sem bjuggu

Pétur Blöndal og Kristján, en eigandi íbúðar verið danskur vinur þeirra, Sören Munk Hansen.

Lýsti Runólfur mjög ítarlega vigtun, pressun og pökkun þeirra fjórmenna á hassefnum í 18 gr pakka. Kvaðst Runólfur Þór ásamt Kristjáni næstu daga hafa selt í Kaupmannahöfn samtals nærri 500 gr af nefndu hassefni í svonefndu Christianiuhverfi. Kvað Runólfur söluverð efna í Kaupmannahöfn hafa verið dansk- ar kr. 25—30 pr. gr, en kaupverð í Rotterdam 4—5 hollensk gyllini hvert gr. Vegna þátttöku sinnar í þessum viðskiptum og þá einkum vegna aðildar að flutningi, pökkun og sölu kvaðst Runólfur hafa orðið hluthafi í heildarefnismagni og þannig talist eiga sem svaraði 350—400 gr af efnum.

Fáum dögum síðar kvaðst Runólfur Þór hafa haldið flugleiðis hingað til lands og þá verið með vissu um 1½ kg eftir af áður- nefndu pressuðu hassi í vörslum Kristjáns Aðalsteinssonar og Péturs Blöndal, en ekki kvaðst Runólfur vita um ráðstöfun þess efnis. Runólfur kvað þá Pétur Blöndal og nefndan Sören Munk Hansen hafa komið flugleiðis hingað til lands stuttu síðar, en ekki vita, hvort þeir hafi flutt eitthvað af hassinu frá Gangstedvej með sér hingað til lands. Þó kvaðst hann hér á landi hafa séð hassplötu af þeirri stærð og gerð, er hann hafði lýst, að pressaðar voru að Gangstedvej, og kvað því næsta víst, að eitthvað af efnum þaðan hefði borist hingað til lands.

Ofangreindur Pétur sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 16. jan. til 5. mars sl., en neitaði öllum sökum eða yfirleitt að tjá sig um sakarefni. Var hann árangurslaust sam- prófaður hér í dómi bæði við Runólf Þór og Bjarna Harðarson.

Samkvæmt upplýsingum fíkniefnalögreglu er staðfest, að Sören Munk Hansen, fæddur 30. janúar 1954 í Danmörku, kom hingað til lands flugleiðis frá Kaupmannahöfn 18. júlí sl.

Samkvæmt beiðni þessa embættis var lögregluyfirvöldum í Kaupmannahöfn tilkynnt um ofangreint og óskað eftir því, að nefndur Sören Munk yrði yfirheyrdur um málið.

Sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hefur borist ljósrit af skýrslum fíkniefnadeildar Kaupmannahafnarlögreglu um yfir- heyrslu yfir margnefndum Sören Munk Hansen, er fram fór 9. apríl sl. Ekki verður séð, að Sören hafi verið spurður um sam- skipti við Kristján Aðalsteinsson. Sören skýrir hins vegar svo frá, Pétur Blöndal Gíslason hafi búið hjá honum að Gangsted- vej 14 frá jan./febr. 1980 til 18. júlí 1980. Kvað hann Pétur hafa haft undir höndum 3 kg af hassi, er hann geti ekki upplýst um,

hvaðan séu til komin. Kvaðst Sören hafa aðstoðað Pétur við sölu á um 2 kg af nefndu hassi í Christianiuhverfi í júní-júlí það ár, en þann 18. júlí hafa flutt innan klæða 1 kg af nefndu hassi flugleiðis hingað til lands skv. beiðni Péturs gegn greiðslu danskra kr. 12.000.

Nefndur Bjarni Harðarson bar auk ofangreinds hér í dómi, að Kristján Aðalsteinsson hefði, er hann kom flugleiðis hingað til lands frá Kaupmannahöfn laust eftir miðjan desember sl., flutt með sér hass og amfetamínduft, ótilgreint magn, en sjálfur hjá honum hafa keypt 100 gr af nefndu hassi og lítillræði af amfetamíndufti. Lögreglan lagði hald á ofangreint amfetamínduft hjá Bjarna, og skv. niðurstöðum efnagreiningar er talið, að þar sé um að ræða sams konar efni og lagt var hald á í vinnustofu ofangreinds Péturs Blöndal.

Eins og rakið var hér í upphafi, kom Kristján Aðalsteinsson hingað til lands síðdegis í gær, framseldur í fylgd danskra lögreglumanna. Hann var þegar við komu til Reykjavíkur færður hér fyrir dóm, en ekki þótti rétt, að fram færu yfirheyrslur yfir honum þá þegar, þar sem hann virtist undir greinilegum áhrifum áfengis. Var þá yfirheyrslu frestað til morguns. Er leit var framkvæmd á Kristjáni við komu í Síðumúlafangelsi í gærkvöldi, fannst hvítt duft í þunnum plastumbúðum, falið í nærklæðum Kristjáns. Við frumgreiningu hjá lögreglu í dag sýndi nefnt duft ótvíræða svörun við prófun sem cocain. Var efnið vegið á skrifstofu ávana- og fíkniefnadeildar og reyndist 2.2 gr með umbúðum. Var sýni af nefndu dufti þegar sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands til greiningar.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í dag gaf Kristján þá skýringu á nefndu dufti, að sama dag og hann hefði verið fluttur til Reykjavíkur hafi hann fundið efni þetta í Vestrafangelsinu í Kaupmannahöfn. Hafi hann verið að þreifa undir handlaug á salerni, er hann hafi fundið plastpoka með hvítu dufti, er hann hafi stungið á sig. Hafi hann ekkert notað af efninu og því ekki vitað, um hvaða efni væri að ræða.

Kristján var yfirheyrður hér í dómi fyrir stundu og neitaði þá að hafa tekið þátt í ofangreindri hasskaupaferð til Amsterdam eða að hafa með öðrum hætti átt aðild þar að. Þá neitaði Kristján að hafa flutt fíkniefni hingað til lands í desember sl., en hann er borinn slíkum sökum. Hann kvaðst í lok febrúar sl. hafa hringt í Bjarna Harðarson frá Kaupmannahöfn, eftir að sá gekk laus úr

gæsluvarðhaldi, og hann þá sagt sér, að hann hafi borið Kristján röngum sökum til þess eins að losna úr gæsluvarðhaldi.

Eins og rakið var hér að ofan, afplánar Kristján nú ofangreindan fangelsisdóm, uppkveðinn 30. apríl sl.

Gögn varðandi dóm þennan hafa ekki borist þessu embætti, en nauðsynlegt er að kanna, hvort rannsókn í því máli hefur beinst að því tilviki, er vikið var að hér að ofan og varðaði veru Kristjáns og nafngreinds íslensks pilts í Amsterdam 17. mars sl. og verulega fjárhæð, er þeir höfðu þar undir höndum, nánar sænskar kr. 65.000. Ekki þótti vert að yfirheyra Kristján um þetta, fyrr en nefnd gögn hafa borist embættinu.

Þá þykir ljóst, að afla verði frekari gagna frá Danmörku, m. a. sundurliðaðan framburð Sören Munk Hansen, en hann virðist ekki hafa verið spurður um samskipti við Kristján Aðalsteinsson, þrátt fyrir að fyrir liggi, að hann bjó ásamt Pétri Blöndal í íbúð Sörens á umræddum tíma.

Þá þykir nauðsynlegt, að Kristján verið samprófaður við margnefndan Runólf Þór Jónsson og Bjarna Harðarson, en eins og staða rannsóknar er nú, þykir það ekki tímabært á þessari stundu.

Niðurstöður.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir nauðsynlegt í þágu rannsókna máls þessa að gera nefndum Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta gæsluvarðhaldi. Ljóst er, að eftir er að afla frekari gagna, m. a. frá Danmörku, og mikið vantar á enn, að viðunandi samræmi hafi náðst milli framburða viðkomandi aðilja, en ekki þykir á þessari stundu tímabært að framkvæma samprófanir.

Verið er að rannsaka ætluð brot Kristjáns Aðalsteinssonar gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að ofangreindu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir í þágu rannsókna þessarar nauðsyn til bera að gera nefndum Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta gæsluvarðhaldi, er hæfilega telst afmarkaða sem allt að 15 dögum.

Úrskurðarorð:

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957 í Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.